

**Útdeiling tekna af skatti á aðildarfélög.**

*Skotþing 2023 haldið í Laugardal 22.04.2023 ályktar að útdeiling tekna af skatti á iðkendur aðildarfélaganna verði nýtt í þágu aðildarfélaganna og uppbyggingu á starfsemi þeirra að mestu eða öllu leyti.*

*Hafni þing ályktunum um skatt á iðkendur aðildarfélaganna fellur þessi ályktun úr gildi.*

Greinargerð:

*Verði ályktun um skatt á iðkendur aðildarfélaganna STÍ samþykkt þarf að tryggja að þeir fjármunir sem til koma séu nýttir í félögin sjálf sem greiða skattinn að stærstum hluta. Skilyrt er í hvaða verkefni greitt er út en félögin sækja um hjá STÍ. Félagin geta því fengið mestan hluta af skattinum endurgreiddan í formi styrks til uppbyggingarstarfa.*

Ein útfærsla gæti hljómað svona en þetta er tekið fram sem dæmi.

*75% af tekjum fari í sjóð sem ráðstafað er úr með uppbyggingastyrkjum til aðildarfélaganna.*

*Greitt er út til aðildarfélaganna sem geta sótt um styrki fyrir eftirfarandi verkefni:*

- a. Þjálfaramenntun*
- b. Dómaramenntun*
- c. Uppbygging á aðstöðu til mótahalds og/eða þjálfunar.*
- d. Nýliðunarverkefni*
- e. Búnaðarkaup*

*25% Ráðstafað til útbreiðslu- og þróunarstarfs í þágu aðildarfélaganna.*

*Hafni skotþing tillögum um skatt að iðkendur aðildarfélaganna fellur þessi tillaga úr gildi*